

Mosfellsbær
Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri Tæknideildar Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 MOSFELLSBÆR

2003120017
1604; 0000; 9310

Reykjavík, 19. febrúar 2004
/--

Efni: Tengibraut: Framlenging Korpúlfsstaðavegar að Vesturlandsvegi í Reykjavík og Mosfellsbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis tækni- og umhverfisviðs Mosfellsbæjar og umhverfis- og tæknissviðs Reykjavíkurborgar dags. 12. desember 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framlenging Korpúlfsstaðavegar að Vesturlandsvegi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins Heilbrigðiseftirlits Kjósasvæðis, Umhverfisstofnunar, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá bæjarstjórn Mosfellsbæjar með bréfi dags. 29. desember 2003, Reykjavíkurborg með bréfi dags. 29. desember 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. desember 2003, Heilbrigðiseftirliti Kjósasvæðis með bréfi dags. 29. desember 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 19. janúar 2004, Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur með bréfi dags. 16. desember 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 19. desember 2003.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 19., 22, og 29. desember 2003, 2. janúar og 10. febrúar 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar eru framkvæmdir við framlengingu Korpúlfsstaðavegar að Vesturlandsvegi. Akbrautin muni ná frá Barðarstöðum með brú yfir Úlfarsá og muni tengjast til bráðabirgða með hringtorgi við Vesturlandsveg og verði heildarlengd vegar um 700 m og brúar um 28 m. Samkvæmt samgönguáætlun verði

mislæg gatnamót byggð á Vesturlandsvegi sunnan við hringtorgið á árabílinu 2011 – 2014. Gert sé ráð fyrir að vegur og brú verði með einni akrein í hvora átt og að 25 m norðan vegar samsíða akstursbrúnni, verði göngubrú yfir Úlfarsá. Gönguleiðir verði undir akstursbrúna beggja vegna árinna og jafnframt reiðleið austan árinna. Heildarbreidd akbrautar verði 7,5 m með malbikuðu slitlagi og breidd brúar um 10 m. Áætluð breidd göngubrúar sé 3 m og lengd um 14 m. Uppúrtekt vegna framkvæmdarinnar verði 10.000 m³ án klappar, klapparskering 3.000 m³ og fyllingar 15.000 m³, og verði efnið t.d. notað í manir eða farið með það á viðurkennda losunarstaði. Annað efni sem þurfi til verksins verði fengið úr viðurkenndum námum. Framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2004 og ljúki sumarið 2005. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að markmið framkvæmdarinnar sé m.a. að tengja byggð í Staðahverfi í Reykjavík og Blikastaðalandi í Mosfellsbæ við Vesturlandsveg. Fram kemur að framkvæmdin sé í samræmi við staðfest Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og Mosfellsbæjar 2002-2024.

Verndarsvæði og lífríki Úlfarsár

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að umhverfi Úlfarsár ásamt 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna sé á Náttúruminjaskrá og sé hverfisverndarsvæði. Vegurinn muni að nokkru leyti liggja um votlendissvæði og grasi gróna bakka Úlfarsár. Í sérfræðiskýrslu Náttúrufræðistofnunar (fylgiskjal 9 í tilkynningu framkvæmdaraðila) sé fyrirhuguð framkvæmd ekki talin fara yfir náttúrufarslega sérstæð gróðurfélög. Ræktað og framræst landið hafi þegar verið umbreytt mikið og votlendisræmur meðfram bökkum Úlfarsár, þar sem að vegurinn muni liggja, séu tiltölulega þurrar og ekki sérstæðar á svæðisvísu. Fram kemur í skýrslunni að votlendi við Úlfarsá sunnan fyrirhugaðar framkvæmdar sé hinsvegar náttúrufarslega verðmætt vegna ríks fuglalífs og þess þurfi að gæta að spilla því ekki á nokkurn hátt. Líffræðilegar athuganir á Úlfarsá og vatnasviði hennar sýni að sæmilega gott hrygningarsvæði laxfiska sé sitt hvoru megin við væntanlega akstursbrú og neðan hennar séu bestu veiðistaðir árinna. Fram kemur að árfarvegi árinna, rennsli eða vatnasviði hennar verði ekki raskað en óhjákvæmilegt rask verði á bökkum. Framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst áhrif verði á veiði og hrygningu í ánni og þær framkvæmdir sem valdið geti gruggun árinna, verði utan veiði- og hrygningartíma. Lögð sé áhersla á að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á rennsli Úlfarsár eða vatnasviðs hennar og að ekki verði röskun á landi utan framkvæmdasvæðisins, sem sé 10 – 15 m belti beggja vegna vegarins. Fram kemur að engir efnisflutningar verði yfir ána fyrir en brúin sé risin.

Ofanvatn

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsli frá brú og götu verði meðhöndlað á sama hátt og annað ofanvatn frá götum í íbúðarbyggð sem mun rísa á Blikastaðalandi. Fyrst í stað muni ofanvatn af götu fara út í jarðveginn við hlið vegar og sitrast um jarðfyllinguna á leið í ána. Gera megi ráð fyrir að nægjanleg hreinsun náist á ofanvatni þar til frekari uppbygging hefjist á svæðinu. Þegar aðliggjandi byggð rísi, muni ofanvatni af götu og brú verða beint að regnvatnslögnum hverfisins og í settjarnir eða beint til sjávar. Náist ofanvatn af götum og brú í næsta nágrenni við ána ekki í regnvatnslagnir og/eða settjarnir verði það veitt í gegnum olúgildu eða í annan sambærilegan mengunarvarnarbúnað. Gætt verði þess að ofanvatn komist ekki óhreinsað í Úlfarsá t.d. með því að leiða það í settjarnir eða til sjávar.

Fornminjar

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að þrjár fornleifar séu við Stórhól auk einnar í Stekkjavaði svo og rústir Hamrahlíðar. Allar minjarnar við Stórhól og Stekkjavað séu í yfir 95 m fjarlægð frá væntanlegum Korpúlfsstaðavegi og muni ekki vera í hættu vegna framkvæmdarinnar. Rústir Hamrahlíðar séu 60 m frá væntanlegum vegi og muni ekki stafa ógn af framkvæmdunum. Gætt verði að mögulegum fornminjum í túninu.

Útivist

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að komið verði fyrir göngu- og reiðstígum til að tengja svæðin sitt hvoru megin götunnar og árinna saman. Göngubrú verði byggð yfir Úlfarsá, sem muni bæta aðgengi um útivistarsvæðið og örugg reiðleið verði undir brúna að austanverðu og gönguleiðir beggja vegna árinna.

Umferð og hljóðvist

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á núverandi Korpúlfsstaðavegi sé mest umferð um 5.000 bílar/sólarhring. Við útreikninga á hljóðstigi sé áætlað að Blikastaðaland verði fullbyggt árið 2024 og að fyrirhuguð umferð sé þá áætluð 8.000 bílar/sólarhring vestan fyrirhugaðar tengibrautar sem mun liggja þvert á Korpúlfsstaðarveg, og 14.000 bílar/sólarhring austan tengibrautarinnar að Vesturlandsvegi. Niðurstöður útreikninga sýni að hljóðstig í Staðahverfi sé innan viðmiðunarmarka reglugerðar um hávaða og jarðvegsmanir hafi nú þegar verið reistar meðfram veginum í hverfinu. Fram kemur að útreikningar á hávaða í Blikastaðalandi sýni að við deiliskipulagsgerð þurfi að taka mið af hávaða frá umferð. Gera þurfi ráð fyrir hærri hljóðskermum eða grípa til annarra aðgerða svo að kröfur reglugerða um hávaða verði uppfylltar. Þar sem ekki liggja fyrir deiliskipulag fyrir Blikastaðaland, muni kröfum um hljóðvist verða mætt í samræmi við reglugerð þegar til uppbyggingar kemur.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkurborgar, Reykjavíkurborg og veiðimálastjóri telja að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á gróður og fugla en telur að ekki liggja fyrir hvaða áhrif framkvæmdin kundi að hafa á lífríki Úlfarsár.

Verndarsvæði og lífríki Úlfarsár

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinna sé á náttúruminjaskrá og sé skilgreind sem hverfisverndarsvæði í staðfestu Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 og Mosfellsbæjar 2002-2024. Í greinargerð með aðalskipulagi Reykjavíkur komi fram að fyrir Úlfarsá sunnan Vesturlandsvegar skuli lífríki árinna, umhverfi, votlendi og fuglalíf njóta forgangs og hverfisverndar við gerð deiliskipulags svæðisins. Allri mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum. Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar gildi um Úlfarsá og 100 m breitt belti

beggja vegna árinna ákveðnar reglur, m.a. er framræsla votlendis meðfram ánni ekki leyfð og mannvirkjagerð innan svæðisins takmörkuð en gert sé ráð fyrir að um það liggi göngu- og reiðstígar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðar framkvæmdir raski á engan hátt hrygningar- eða uppeldisstöðum í Úlfarsá og að dregið verði eins og frekast sé kostur úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfi árinna.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við Veiðimálastofnun, embætti veiðimálastjóra og veiðiréttahafa á meðan á framkvæmdum standi. Það sé stefnumörkun framkvæmdaraðila að lífríki árinna skuli þrátt fyrir framkvæmdir dafna á eigin forsendum.

Ofanvatn. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram að framkvæmdin skuli ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum enda verði í deiliskipulagi gerð endanlega grein fyrir því með hvaða hætti yfirborðsvatn verði meðhöndlað og tryggt að ekki berist mengað vatn í Úlfarsá.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að lítið meðalrennsli í Úlfarsá valdi því að áin sé viðkvæm fyrir mengandi efnum vegna afrennslis frá íbúðarbyggð og götum. Þrátt fyrir það sé ekki gert ráð fyrir í gögnum framkvæmdaraðila að ofanvatn frá veginum verði meðhöndlað sérstaklega fyrir en byggð rísi á svæðinu og að afstaða verði tekin til þess með hvaða hætti það verði gert við gerð deiliskipulags á svæðinu og nánari hönnun á gatna- og fráveitukerfi. Umhverfisstofnun telur að gera verði þá kröfu að ekki verði hætta á mengun (t.d. mengun frá áburði, olíu og eiturefna) í Úlfarsá og þar með áhrifum á lífríki árinna vegna framkvæmdarinnar. Tryggja verði að núverandi ástandi Úlfarsár verði viðhaldið. Umhverfisstofnun telur óásættanlegt að ekki sé gert ráð fyrir að ofanvatn frá veginum verði hreinsað fyrir en byggð rísi á svæðinu. Stofnunin bendir á að ekki séu lagðar fram upplýsingar sem sýni fram á að nægjanleg hreinsun fáiast með því að láta ofanvatn hripa í gegnum jarðfyllinguna. Ekki sé ljóst hverjir eiginleikar jarðfyllingarinnar séu og hver og hversu mikil binding efna verði úr ofanvatni. Umhverfisstofnun bendir einnig á að á þeim árstíma sem jörð sé freðin og hreinsun ofanvatns í lágmarki mætti búast við að mikið magn mengunarefna berist með ofanvatni í ána. Með vaxandi byggð við Úlfarsá sem og uppbyggingu vegakerfis og aukinni umferð muni mengunarálag á ána halda áfram að aukast. Því sé mikilvægt að gripið verði strax til aðgerða til að stemma stigu við mengun vegna uppbyggingar á vegakerfinu, ekki síst í ljósi sammögnunaráhrifa með öðrum vegaframkvæmdum sem fyrirhugaðar séu við Úlfarsá. Umhverfisstofnun telur að gera ætti þá kröfu að meðhöndlun ofanvatns vegna framlengingar Korpúlfsstaðavegar verði með sama hætti og meðhöndlun þess vegna fyrirhugaðrar tengibrautar milli Grafarholtshverfis og fyrirhugaðs hverfis í suðurhlíðum Úlfarsfells.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að talið sé að ekki verði unnt að taka ákvörðun um staðsetningu stærð og gerð settjarna til að taka á móti ofanvatni frá þessari framkvæmd á þessu stigi, heldur verði að horfa til Blikastaðarlandsins í heild. Í ljósi þess að ekki liggi fyrir fullmótað skipulag á því landi sé óvarlegt að fara út í aðgerðir, sem hugsanlega myndu aðeins nýtast til bráðabirgða og gætu jafnvel valdið talsverðu raski sem væri með öllu ónaðsynlegt. Áður en uppbygging hefjist í hverfinu verði tekin afstaða til þeirra leiða sem gripið verður til svo tryggt verði að mengun frá byggð fari ekki í ána. Afrennslisvæði vegaryfirborðs sé um 0,5

ha og mun afrennsli þess dreifast á um 700 m langt svæði. Afrennsliflötur vegarins sé lítill og dreifingarsvæðið stórt. Mengun sem kunnir að berast frá veginum muni því dreifast um stórt svæði áður en hún nái til árinna. Frekari hreinsun verði á ofanvatni þar sem að það fari um framræsluskurði á leið sinni í Úlfarsá, nema á þeim kafla vegarins sem sé vestan klettasvæðisins næst ánni. Eigi það jafnt við um þíða sem freðna jörð. Við hönnun vegarins verði gerðar ráðstafanir til þess að afrennsli vatn frá veginum frá tengingu við núverandi Korpúlfsstaðaveg og að klettasvæðinu á Blikastaðalandinu næst ánni fari í olíuskilju strax að lokinni framkvæmd eða verði hreinsað með öðrum hætti. Framkvæmdaraðilar telji ekki þörf á því á þessu stigi að fara út í umfangsmiklar rannsóknir á jarðlögum til að sýna fram á hreinsunarhæfi þeirra. Í dag sé mengun frá umferð í Úlfarsá lítil, sem ætti að vera mælikvarði á mengunarhættu frá Korpúlfsstaðavegi en umferð um götuna verði mun minni en núverandi umferð um Vesturlandsveg við Úlfarsá. Komi í ljós við nánari hönnun vegarins að þörf verði á frekari aðgerðum til hreinsunar ofanvatns frá veginum, þá muni framkvæmdaraðilar skoða þær lausnir sem til greina komi.

Hljóðvist

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram að í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna hávaða frá umferð.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að hljóðstig í Staðahverfi verði innan við 55 dB(A) en allt að 58 dB(A) í Blikastaðalandi norðan Korpúlfsstaðavegar. Ekki hafi hljóðstig fyrir svæðið sunnan Korpúlfsstaðavegar í Blikastaðalandi verið reiknað, en þar sé gert ráð fyrir blandaðri landnotkun skv. aðalskipulagi. Umhverfisstofnun bendir á að ekki hafi verið reiknað út hljóðstig fyrir golfvöllinn við Korpu og að halda skuli hljóðstigi á útivistarsvæðum í þéttbýli innan við 55 dB(A) og tryggja skuli að hljóðstig verði innan viðmunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða. Umhverfisstofnun bendir á að ef um íbúðarbyggð sé að ræða skal við nýskipulag byggðar miða við að uppfyllt verði leiðbeiningargildi reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða 45 dB(A). Jafnframt bendir stofnunin á að við skipulag blandaðrar byggðar væri æskilegast að gera ráð fyrir athafnasvæði næst Korpúlfsstaðavegi til að draga úr hávaða í íbúðarbyggð.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óraunhæft sé talið að skipuleggja þetta borgarbyggð með 45 dB(A) leiðbeiningargildi varðandi hljóðvist allsstaðar utan við glugga og verði viðmiðunargildið 55 dB(A) því að liggja til grundvallar. Mestu skipti að kröfur um hljóðvist innanhúss séu ávallt uppfylltar. Framkvæmdaraðili geti því ekki fallist á það mat Umhverfisstofnunar að uppfylla skuli leiðbeiningargildi reglugerðar um hávaða.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila eru lagðir fram útreikningar á hljóðstig á golfvelli við Korpu. Framkvæmdaraðili telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði ekki umtalsverð á golfvöllinum og verði hljóðstig þar allsstaðar undir 55 dB(A) nema á litlum hluta flatar næst hringtorgi á mótum Korpúlfsstaðavegar - Víkurveggar/Strandveggar. Það sé mat framkvæmdaraðila að kröfum um hljóðstig verði mætt og því sé ekki um veruleg umhverfisáhrif að ræða.

Gróðurfar og fuglalíf

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í greinargerð Náttúrufræðistofnunar Ísland (fylgiskjal 9 í tilkynningu framkvæmdaraðila). sé bent á að um 30 m sunnan við fyrirhugað vegstæði, rétt austan við árbakkann, sé blautt votlendi sem forðast ætti að spilla. Þetta sé sá staður sem verðmætastur sé náttúrufarslega vegna þess hve mikilvægur hann sé fyrir fuglalífið á svæðinu. Við hönnun og framkvæmdir við veginn beri því að gæta þess að spilla því ekki á nokkurn hátt. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt yfirlitsupprætti í tilkynningu um framkvæmdina verði ekki betur séð en að fyrirhugaður göngustígur og reiðstígur muni liggja yfir mýrina. Leggja beri áherslu á að hvorki fyrirhugað vegagerð né aðrar framkvæmdir, s.s. lagning reiðstíga eða göngustíga, raski votlendinu og að stígar liggi ekki yfir eða of nærri mýrinni. Stofnunin telji að ekki sé líklegt að fyrirhugað framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á fugla og gróður.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að stígar utan framkvæmdasvæðis séu ekki hluti af fyrirspurn þessari og séu sýndir til að auðveldara sé að glöggva sig á aðstæðum. Ekki liggi fyrir hönnun þeirra né endanleg staðsetning. Við hönnun á reiðstíg og göngustíg verði eftir föngum reynt að sneiða hjá votlendi með ánni og hlífa þeim svæðum sem verðmætust séu frá náttúruverndarsjónarmiðum á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess.

Fornminjar

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar í landi Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Bent er á að samkvæmt 13. gr. þjóðminjalaga skuli framkvæmdaraðili stöðva framkvæmd ef fornleifar finnast á framkvæmdarsvæði uns fengin sé ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins hvort halda megi framkvæmdum áfram og þá með hvaða skilmálum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 700 m framlengingu á Korpúlfsstaðavegi frá Barðarstöðum að Vesturlandsvegi auk byggingar 28 m brúar yfir Úlfarsá. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna lúti einkum að vatnasviði Úlfarsár og gildi það bæði á meðan á framkvæmdatíma stendur svo og eftir að framkvæmdatíma lýkur. Stofnunin telur mikilvægt að afrennsli Korpúlfsstaðavegar verði ekki veitt óhreinsuðu í Úlfarsá. Afrennsli þarf að meðhöndla með sama hætti og fyrirhugað er að meðhöndla ofanvatn frá nálægðri byggð og þarf sú meðhöndlun að fylgja uppbyggingu nálægðrar byggðar. Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að afrennslisflötur vegarins sé lítill og dreifingarsvæðið stórt og að takmörkuð umferð verði um veginn þar til að uppbygging nálægðrar byggðar hefjist. Við hönnun vegarins verði gerðar ráðstafanir til þess að afrennslisvatn frá veginum frá tengingu við núverandi Korpúlfsstaðaveg að klettasvæðinu á Blikastaðalandinu næst ánni fari í olúskilju strax að lokinni framkvæmd eða verði hreinsað með öðrum hætti. Skipulagsstofnun telur að það fyrirkomulag sem framkvæmdaraðili mun viðhafa vegna ofanvatns, þ.m.t. hreinsun með olúskilju, af fyrirhuguðum Korpúlfsstaðavegi fram að þeim tíma sem uppbygging mun hefjast í nálægðri byggð sé til þess fallin að draga úr

áhrifum framkvæmdarinnar á Úlfarsá og verði áhrifin ásættanleg. Skipulagsstofnun vekur jafnframt athygli á og telur nauðsynlegt að fylgt sé samþykktri stefnumótun í umhverfismálum Reykjavíkur þar sem kveðið sé á um að koma í veg fyrir að óhreinsað ofanvatn berist í Úlfasá með því að veita því í settjarnir áður en það berst í ána.

Skipulagsstofnun telur að sú framkvæmdartilhögun sem framkvæmdaraðili muni viðhafa við lagningu vegarins sé með þeim hætti að ekki verði um veruleg umhverfisáhrif á gróður, fugla og vatnafar að ræða. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar að stígar skuli ekki liggja yfir eða of nærri mýrinni austan við árbakkann og að við lagningu þeirra verði þess gætt að raska ekki votlendi svæðisins.

Skipulagsstofnun telur að sýnt hafi verið fram á að hljóðstig í Staðahverfi verði innan viðmiðunarmarka reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða og verði áhrif framkvæmdanna á hljóðstig þar óveruleg. Framkvæmdaraðili hefur bent á að við deiliskipulagsgerð þurfi að taka mið af hávaða frá umferð og muni kröfum um hljóðvist í fyrirhugaðri byggð í Blikastaðalandi verða mætt. Í því sambandi minnst framkvæmdaraðili á hækkun hljóðskerma og aðrar aðgerðir til lækkunar hljóðstigs. Skipulagsstofnun telur að unnt verði að tryggja að hljóðvist utan við íbúðarhúsnæði fari ekki yfir 55 dB(A) í Blikastaðalandi. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að hljóðstig á golfvelli muni fara yfir 55 dB(A) verði áhrifin ekki veruleg þar sem einungis er um að ræða takmarkað svæði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framlenging Korpúlfsstaðavegar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar og Mosfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024 og Mosfellsbæjar 2002-2024.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. mars 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Kjósasvæðis, Umhverfisstofnun, Umhverfis- og heilbrigðisstofa Reykjavíkur og veiðimálastjóri.

